

**25. fundur stjórnar Fimleikasambands Íslands, haldinn þann 8. júní 2011, kl. 17.00, á Selfossi.**

**Mættir eru:** Þorgerður Diðriksdóttir, formaður, Birna Björnsdóttir, varaformaður, Þóra Sigurðardóttir, gjaldkeri, Ragnheiður Thorlacius, ritari, og Hrund Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri. Sólveig Jónsdóttir, almannatengslafulltrúar boðar forföll.

Formaður setti fundinn.

Á dagskrá eru eftirfarandi mál:

**1. Fundargerðir.**

Fundargerð 24. fundar frá 26. maí sl. samþykkt.

**2. Erindi nefndar um fimleika fyrir alla.**

**a. Coreography námskeið í Noregi 11. -13. nóvember nk.**

Málið var kynnt á formannafundi í maí sl. Námskeiðið er tvískipt, A og B hluti. Nefnd um fimleika fyrir alla óskar eftir að tveir íslenskir þjálfarar taki í hvorum hluta námskeiðsins fyrir sig. Þjálfurum er kunnugt um þátttaka á námskeiðinu er að öllu leyti á þeirra eigin kostnað. Stjórn FSÍ óskar eftir að þátttakendur haldi FSÍ námskeið fyrir íslenska þjálfara þegar heim kemur. Eftirtaldir þjálfarar hafa sótt um þátttöku: Auður Vala Gunnarsdóttir, fimleikadeild Hattar, Halla Karí Hjaltested, fimleikadeild Fjölnis, Sigrún Ýr Magnúsdóttir, fimleikadeild Umf. Selfoss og Sólveig Jónsdóttir, Gerplu. Framkvæmdastjóri falið að hafa samband við ráðurnefnda þjálfara.

**b. Goldin Aage 2012 - kynningarfundur haldinn 14.-16. október nk. í Montecatini.**

Nefndin óskar eindregið eftir því að senda fulltrúa á fundinn og jafnframt að sá sem valinn yrði til fararinnar verði fararstjóri á hátíðinni. Nefndin bendir á að hátíðin verði haldinn á nýjum stað sem nauðsynlegt sé að kynna sér vel til að vel takist að undirbúa þátttöku Íslands í hátíðinni.

Málið rætt. Stjórn samþykkir erindi nefndarinnar með eftirfarandi skilyrðum: Sá sem sækir kynningarfundinn taki að sér að vera fararstjóri á hátíðinni og að ferðin verði hluti af vinnu við undirbúning og kynningu á hátíðinni og að allur kostnaður vegna fundarins greiðist af þátttakendum frá Íslandi sem fara á hátíðina. Stjórn tilnefnir fararstjóra.

**c. Gymnaestrada 2011, haldinn í Sviss.**

Í bréfi nefndarinnar til stjórnar kemur fram að nefndin hvarmar mjög að engir íslenskir þátttakendur verði á hátíðinni í Sviss og bendir á að Ísland hefur sent þátttakendur sjö sinnum. Nefndin hvetur stjórn FSÍ til að senda tvo fulltrúa til að fylgjast með hátíðinni og sjá með eigin augum það sem fram fer á þessari glæsilegu hátíð.

Málið rætt. Stjórn sér sé ekki fært að senda fulltrúa á hátíðina en leggur áherslu á að markvisst verði stefnt að því að taka þátt í hátíðinni að fjórum árum liðunum.

### **3. Heimsmeistaramótið í áhaldafimleikum. Tokyo 1.-17. október 2011.**

Málið var tekið fyrir á 24. fundi stjórnar og óskað eftir að tækninefndir karla og kvenna í áhaldafimleikum sendu stjórn FSÍ tilnefningar um væntanlega keppendur og þjálfara á mótið fyrir mánudaginn 6. júní. Svar TKV barst með tölvupósti í dag stuttu fyrir fund. Einnig barst stjórn bréf við upphafs fundar frá TK þar sem fram kemur að þrátt fyrir ítrekaða beiðni þá ætli TK ekki að verða við beiðni stjórnar FSÍ og tilnefna keppendur strax. Þjálfara tilnefnir TK: Gennadyi Zadorozhnyy og nefnir fimm einstaklinga sem líklega keppendur.

Stjórn hefur borist tilnefning frá tækninefnda kvenna í áhaldafimleikum vegna Heimsmeistaramótsins í Japan 2011

*Samþykkt er tilnefning tækninefndar kvenna sem er svohljóðandi:*

Keppendur: Thelma Rut Hermannsdóttir, Agnes Stuto og Dominiqua Belani

Til vara: Embla Jóhannesdóttir og Jóhanna Rakel Jónasdóttir.

Samþykkt er að þjálfarar verði Guðmundur Þór Brynjólfsson og Gabor Kiss. Annar þeirra mun jafnfram gegna farastjórahlutverki.

Tilnefning tækninefndar kvenna um keppendur og þjálfara á mótið er samþykkt með vísan til rökstuðnings nefndarinnar.

Tilnefning tækninefndar karla um þjálfara á mótið er samþykkt.

Um afgreiðslu máls þessa vísast til verkferla. Framkvæmdastjóra falin afgreiðsla málsins samkvæmt verkferlum.

### **4. Heimsmeistaramótið í áhaldafimleikum. Tokyo 1.-17. október 2011. Stuðningur við keppendur.**

Stjórn hefur borist eftirfarandi erindi frá verkefnastjóra landsliða í áhaldafimleikum um fjárhagsstyrk til einstaklinga sem keppa fyrir Íslands hönd í áhaldafimleikum á HM 2011.

„Verkefnastjóri í áhaldafimleikum fer þess á leit við stjórn Fimleikasambandsins að það fé sem áætlað var í fjárhagsáætlun til að dekkja dómarakostnað á HM, renni allt til íþróttafólksins enda er nú ljóst að dómarakostnaður vegna HM mun ekki falla á sambandið og því er hér gullið tækifæri til að styðja íþróttamennina.

*Greinagerð:*

Fimleikafólkið okkar er nú að undirbúa sig á fullum krafti fyrir HM og ljóst er að flestir þeir sem líklegir eru til fararinnar munu halda í æfingabúðir í sumar og keppnisferðir fyrir mótið og sömu einstaklingar munu síðan keppa fyrir okkar hönd á NEM í Uppsölum, Svíþjóð seinna í haust. Því er ljóst að íþróttafólkið okkar er að leggja á sig og fjölskyldur sínar mikla fjárhagslega byrði á næstu mánuðum.“

Málið rætt. Eins og fram kom á 24. fundi stjórnar bauð FIG FSÍ að senda Berglindi Pétursdóttur og Björn M. Tómassonar sem eftirlitsdómara á mótið. Af þeim sökum sparast dómarakostnaður vegna málsins sem áður hafði verið áætlaður 1.298.000 krónum í fjárhagsáætlun. Stjórn samþykkir að verja þeim fjárnunum í verkefnið *þátttöku keppenda frá Íslandi á HM* að því tilskyldu að keppandi keppi í fjölþraut. Umfram kostnaður greiðist af keppendum.

## **5. Heimsmeistaramótið í áhaldafimleikum. Tokyo 1.-17. október 2011 – þjálfarar og fararstjóri.**

FSÍ borgar gistingu þjálfara þar til íslenskir keppendur hafa lokið keppni en tekur fram að FSÍ stendur ekki straum af kostnaði eftir þann tíma.

„Stjórn samþykkir Gabor Kiss sem annan þjálfara kvenna. Þannig er að hægt sé að koma til móts við ósk tækninefndar um tvo þjálfara í stað farastjóra. Annar þjálfarinn mun því jafnframt gegna farastjórahlutverki á mótinu“.

## **6. Landsliðsmál í hópfimleikum**

Málið var áður á dagskrá á 20. og 23. stjórnarfundi. Á 23. fundi var óskað eftir því við aðildarfélög FSÍ að þau fjölluðu um skipan landsliðsmála í hópfimleikum innan sinna félaga og senda umsögn og athugasemdir um framtíðarskipulag landsliðsmála í hópfimleikum til stjórnar eigi síðar en 1. júní nk. Sérstaklega var óskað eftir að félögin myndu huga að fjármögnun verkefnisins og koma með tillögu þar að lútandi. Svör hafa borist frá eftirtöldum félögum: FIMA, FIMAK, Ármann og Gerplu. Meirihlutinn er hlynntur því að öll félög hafi jöfn tækifæri til að komast í landsliðs. Framangreindum eru þökkuð svör.

Málið rætt. Samþykkt er að formaður, framkvæmdastjóri og Ragnheiður fari yfir málið milli funda og seti fram drög að tillögu stjórnar um framtíðarskipan landaliðsmála í hóp fimleikum á næsta stjórnarfundum bæði hvað varðar fjárveitingar til verkefnisins sem og fagleg sjónarmið. Málið verði unnið í samráði við tækninefnd í hóp fimleikum.

### **7. Nefnd um fimleika fyrir alla – skipum skv. 11. gr. laga FSÍ**

Stjórn skipar Helgu Báru Bartels Jónsdóttur í nefnd um fimleika fyrir alla og býður hana velkomna til starfa fyrir sambandið.

### **8. Boð ÍSÍ um að senda fulltrúa FSÍ á norræna ráðstefnu um barna- og unglingsþróttir**

Málið var áður á dagskrá 19. fundar. Fulltrúi stjórnar verður Sólveigu Jónsdóttir. Olga Bjarnadóttir hefur tilkynnt ósk sína um þátttöku á ráðstefnunni. Fleiri hafa ekki sent stjórn ósk um þátttöku. Samþykkt að fulltrúar FSÍ verði Sólveig Jónsdóttir og Olga Bjarnadóttir.

### **9. Norðurlandamótið í hóp fimleikum 2011.**

Stjórn FSÍ hefur borist beiðni frá Niclaes, þjálfara í Stjórnunni, dags. 25. maí sl., um FSÍ skrái mixlið skipað iðkendur úr Ármanni og Stjórnunni á Norðurlandsmót félagsliða í hóp fimleikum sem fram fer 12. nóvember nk. í Noregi.

Málið rætt.

Erindi þetta var kynnt formanni tækninefndar í hóp fimleikum.

Stjórn vekur athygli á að samkvæmt reglum NTGC, grein 4.1, er meginreglan sú að keppendur, 6-12 og tveir varamenn, skuli vera úr sama félagi. Greinin heimilar undantekningu frá meginreglunni með eftirfarandi skilyrðum: Að keppendur komi að hámarki frá tveimur félagsliðum og að lið, þannig skipað, hafi keppt á keppnisárinu.

Nú þegar liggur fyrir að tvö félagslið kvenna munu keppa á Norðurlandamótinu en FSÍ er heimilt að senda tvö lið í hverjum flokki, þ.e. kvenna-, karla- og blandað lið.

Í móta- og keppnisreglum FSÍ eru ekki ákvæði um sameiginleg lið eins og t.d. er í 14. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót. Með vísan til þess að stjórn telur það íþróttinni til framdráttar að sem flest lið keppi á móti sem þessu, samþykkir stjórn að skrá lið til keppni í kvenna-, karla- og mixflokki á Norðurlandamótið. Jafnframt samþykkir stjórn að heimilt verði að hefja undirbúning að því að mynda sameiginleg lið í karla- og mixflokki til keppni á mótinu, þó með þeim takmörkunum að lið verði að hámarki skipað keppendum úr tveimur aðildarfélögum. Þá leggur stjórn áherslu á að gera þarf faglegar kröfur til liðanna á sama hátt og gert var í keppni íslenskra félagsliða kvenna.

Stjórn samþykkir eftirfarandi:

- a. Að fela framkvæmdastjóra í samráði við formann tækninefndar að senda tilkynningu til NTC um þátttöku eftirtaldrá félagsliða frá Íslandi á mótið en frestur til að tilkynna þátttöku rennur út 12. júní nk: Tveggja kvennaliða, tveggja mixliða og eins karlaliðs. Jafnframt samþykkir stjórn að fela framkvæmdastjóra í samráði við formann tækninefndar að senda stjórn NTC beiðni um undanþágu frá grein 4.1 vegna liða í karla- og mixflokki.
- b. Að fela framkvæmdastjóra að senda bókun þessa til allra aðildarafélaga FSÍ og viðkomandi framkvæmdastjóra og/eða yfirþjálfara.
- c. Að fela laga- og reglugerðarnefnd að endurskoða móta- og keppnisreglur FSÍ með það að markmiði að setja í reglurnar ákvæði sem heimili sameiginleg lið í sama aldursflokki. Framkvæmdastjóra falið að senda nefndinni bókun þessa.
- d. Að fela tækninefnd í hópfinleikum að vinna að undirbúningi málsins með eftirfarandi hætti: **1.** Gefa út sem allra fyrst hvaða lágmarkseinkunn lið þurfi að ná á stökkgólfi og trampólíni og/eða lágmarkskröfur um erfiðleika á dýnu og tramólíni og hvaða kröfur séu gerðar til gólfæfinga til að lið nái að tryggja sér keppnisrétt á Norðurlandamótinu á móti því sem fjallað er um í b-lið. **2.** Undirbúa „úrtökumót“ sem fram fari um miðjan ágúst nk. þar sem þau sameiginlegu karla- og/eða mixlið sem óska eftir að keppa um laus sæti á Norðurlandamótið mæti til keppni. Að mótinu loknu tilkynni tækninefnd stjórn FSÍ hvort og þá hvaða lið hafi náð tilskildum lágörkum inn á Norðurlandamótið. (Að þeim upplýsingum fengnum mun FSÍ fylgja eftir undanþágubeiðni sinni og senda lokatilkynningu um þau félagslið sem keppa munu á mótinu frá Íslandi.) **3.** Senda stjórn FSÍ og öllum aðildarfélögum sambandsins tilkynningu um málið þar sem fram komi þau viðmið/lágmarkskröfur, sbr. a. lið, fyrir æfingar á gólfi, stökki og trampólíni. Jafnframt tilkynni nefndin hvar og hvenær „úrtökumótið“ verði haldið. Framkvæmdastjóra falið að senda nefndinni bókun þessa.
- e. Að þau félög sem ætla að mynda sameiginleg lið geri með sér skriflegt samkomulag um samstarfið þar sem fram komi m.a. hver beri fjárhagslega ábyrgð á samstarfinu, framkvæmd starfsins o.s.frv. Skilyrði fyrir þátttöku á mótinu er að þau félög sem vilja keppa á mótinu sendi FSÍ samning um samstarf fyrir áður nefnt „úrtökumót“.

## **10. Bréf tækninefndar í áhaldafimleikum kvenna**

Stjórn barst í dag bréf frá Hlín Bjarnadóttur, f.h. tækninefndar kvenna, tillögur um breytingar á verkferlum FSÍ og ósk um fund með stjórn. Stjórn mun funda með nefndinni að loknu sumarleyfi um efni bréfsins.

## 11. Til kynningar.

- a. Rannsóknir og greining boðar til kynningarfundar í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafns Íslands við Suðurgötu, fimmtudaginn 9. júní nk., kl. 13.30 vegna útkomu skýrslunnar „Ungt fólk – framhaldsskólanemar“.
- b. Upplýsingar frá ÍSÍ um miðasölu á Ólympíuleikana í London 2012. Fram kemur að ÍSÍ verður ekki með miða til sölu á leikana og að allir miðar sem eru til sölu á Íslandi séu komnir í sölu á vefsíðu Icelandair. Fram kemur einnig að undirbúningsnefnd leikanna hefur tekið frá tvo miða vegna hvers íþróttamanns, á hvern þann viðburð sem hann tekur þátt í á leikunum að undanskildri keppni í sundi en þar hefur hver keppandi aðeins möguleika á einum miða sökum þessa að sundmannvirki rúma færri áhorfendur.
- c. Ágúst Jensson hefur sent FSÍ lokaverkefni sitt frá viðskiptadeild Háskólans á Akureyri en í verkefninu fjallar hann um og ber saman restur tíu stærstu sérsambanda innan ÍSÍ. Verkefnið, sem er mjög áhugavert, er aðgengilegt þeim sem þess óska á skrifstofu FSÍ.

Næsti fundur verður haldinn fimmtudaginn 18. ágúst nk. 16.15.

Fundi slitið kl. 21.00

Ragnheiður Thorlacius,  
ritar fundargerð.